

Tilkynning um keppni.
21. - 22. maí heldur Siglingaklúbburinn Þytur Opnunarmót Kjölbáta 2022.

1. Reglur

1.1 Keppt verður skv reglum World Sailing The racing rules of sailing for 2021 - 2024

1.2 Kappsiglingafyrirmælum SÍL

1.3 Kappsiglingafyrirmælum mótsins.

2. Auglýsingar.

2.1 Bátar skulu sýna auglýsingar sem skipuleggjendur velja og láta í té.

3. Þátttökuréttur.

3.1 Mótið er opið öllum bátum hvers áhöfn er fullgildur félagi í siglingafélögum skv móta og keppnisreglum SÍL.

3.2 Hlutgengi báta má skrá með því að senda upplýsingar um nafn skipstjóra, nafn báts, forgjöf, nafn tryggingafélags og nöfn áhafnar meðlima á pósthfangið sailing@sailing.is fram að skipstjórafundum.

4. Þátttökugjald.

4.1 Áskilin gjöld eru eftirfarandi: a) Þátttökugjald á hvern áhafnar meðlim 1.500kr.

Við greiðslu þátttökugjalds í <https://www.sportabler.com/shop/thytur/> vinsamlega takið fram nafn báts sem keppt er á

5. Tímaáætlun.

5.1 Skipstjórafundur klukkan 11:00 á (í Brokey) Ingólfsgarði

6. Mælingar.

6.1 Leggja skal fram gilt forgjafaskírteini fyrir hvern bát.

7. Siglingafyrirmæli.

7.1 Siglingafyrirmæli verða aðgengileg eftir kl 12 þann 19. maí á fésbókarsíðu Þyts <https://www.facebook.com/Siglingaklubbur>

8. Keppnissvæði

8.1 Faxaflói

8.2 Keppnisbrautir. Reykjavík til Hafnarfjarðar

8.3 Lýsing á brautum kemur fram í siglingafyrirmælum.

9. Stigagjöf.

9.1 Notað verður lágstigakerfi samkvæmt viðauka A í alþjóðakapp siglingareglum

10. Verðlaun.

10.1 Veitt verða verðlaun fyrir þrjú fyrstu sætin.

11. Fjarskipti.

11.1 Á meðan á keppni stendur (tekur gildi við fyrsta viðvörðunarflokk) mega keppendur ekki nota talstöðvar eða önnur samskiptatæki nema í neyðartilvikum og ef allir keppendur fá sömu upplýsingar. Þessi takmörkun gildir einnig um farsíma

11.2 Keppnisstjór notar VHF rás 71 fyrir öll samskipti.

12. Takmörkun Ábyrgðar.

12.1 Keppendur sem taka þátt í mótinu gera það á eigin ábyrgð. Sjá reglu 3, Ákvörðun um að keppa. Skipuleggjendur firra sig allri ábyrgð vegna skemmda eða líkamstjóns eða dauðsfalla í tengslum við eða fyrir eða eftir keppni eða á meðan keppni stendur án tillits til orsakatengsla.

13. Hver bátur skal vera tryggður með gildri ábyrgðartryggingu.

14. Með skráningu í keppni heimila þátttakendur myndbirtingar á vegum keppnishaldara og SÍL ásamt birtingu úrslita.

15. Kjölbátar skulu ekki teknir á land á meðan mótið stendur yfir nema að fengnu skriflegu leyfi keppnisstjórnar og í samræmi við þá skilmála sem þar eru tilgreindir.

16. Fyrir frekari upplýsingar sendið póst á sailing@sailing.is fram að keppnisdegi eftir það verða allar tilkynningar birtar á fésbókarsíðu Þyts <https://www.facebook.com/Siglingaklubbur>